

## Erindisbréf Jafnréttisnefndar Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands

Skv. jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013-2017 sem samþykkt var í háskólaráði 16. janúar 2014 skal jafnréttisnefnd starfa á hverju fræðasviði skólans. Deildir Félagsvísindasviðs tilnefna fulltrúa í jafnréttisnefnd og einn til vara og nemendafélög á sviðinu tilnefna einn fulltrúa og einn varamann (karl og konu). Annar nemendafulltrúinn skal vera í grunnnámi en hinn í framhaldsnámi.

Formleg staða og hlutverk

Nefndin er starfsnefnd sem vinnur að jafnréttismálum á félagsvísindasviði jafnframt því að vera til ráðgjafar fyrir forseta og stjórn sviðsins í jafnréttismálum. Með jafnréttismál er átt við jafnrétti í viðum skilningi skv. 65 gr. stjórnarskrárinnar. Nefndin sinnir eftirtöldum verkefnum:

- Vinnur jafnréttisáætlun fyrir sviðið, deildir þess og stofnanir. Nefndin leggur jafnréttisáætlun fyrir forseta sviðsins. Áætlunin er lögð til samþykktar á þingi fræðasviðsins.
- Jafnréttisnefnd skal í störfum sínum taka mið af 65. grein stjórnarskrárinnar, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu kvenna og karla og jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013-2017 sem samþykkt var 16. janúar 2014.
- Í samræmi við jafnréttisáætlun Háskóla Íslands skal nefndin afla upplýsinga um jafnréttismál innan síns starfsumhverfis áður en ráðist er í gerð jafnréttisáætlunar. Í jafnréttisáætluninni skal setja töluleg og tímasett markmið fyrir sviðið í jafnréttismálum og tilgreina hver beri ábyrgð á því að þeim verði fullnægt.
- Nefndin fylgir jafnréttisáætluninni eftir í framkvæmd fyrir hönd forseta og stjórn sviðs. Jafnréttisáætlunina skal endurskoða á þriggja ára fresti.
- Nefndin hefur frumkvæði að umræðu, fræðslu, sérstökum viðburðum og verkefnum um jafnréttismál innan sviðsins í samráði við forseta og stjórn. Þá veitir nefndin almennar umsagnir um erindi sem henni berast eða sem forseti og stjórn sviðsins beina til hennar. Nefndin aðstoðar forseta og stjórn sviðsins við stefnumótun í jafnréttismálum en fer ekki með framkvæmda- né ákvarðanatökuvald í einstökum málum eða málefnum einstaklinga.
- Jafnréttisnefnd skal hafa náið samráð við jafnréttisnefnd háskólaráðs og jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands.
- Jafnréttisnefnd fundar reglulega og boðar formaður hennar til funda, sér um að fundargerðir séu ritaðar og skipuleggur starfið að öðru leyti.
- Formaður sendir forseta og rekstrarstjóra sviðsins fundargerðir nefndarinnar og gerir þeim reglulega grein fyrir starfsemi nefndarinnar.